

**80. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
19. mars 2018 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirs dóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri, Sigurður Páll Harðarson svíðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Sindri Birgisson umhverfisstjóri og Steinar Dagur Adolfsson svíðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Stefán Þór Steindórsson, byggingarfulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1801145 - Deilisk. - Flóahverfi, breyting

Farið yfir athugasemdir sem bárust við skipulagið.

Auglystar breytingar á deiliskipulagi Flóahverfis fólust annarsvegar í því að breyta gatnakerfi litilega á svæðinu og hinsvegar í tímabundinni heimild að setja upp starfsmannabústaði.

Framkomnar athugasemdir lúta einungis að mótmælum við tímabundinni heimild til að setja upp starfsmannabústaði í Flóahverfi.

Fyrirtæki sem komið var með heimild um lóðir á svæðinu hefur dregið umsókn sína til baka. Fyrir lá vilji fyrirtækisins um að nýta lóðirnar tímabundið undir starfsmannabústaði ef deiliskipulagsbreytingin hefði náð fram að ganga.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagsferlinu verði hætt og þeim er gerðu athugasemdir við það verði tilkynnt um þá ákvörðun.

2. 1803087 - Dalbrautarreitur - útboðsgögn

Lögð fram útboðsgögn vegna uppbyggingar á Dalbrautareit.

Sviðsstjóri kynnti útboðsgögn vegna uppbyggingar á Dalbrautarreit. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrilliggjandi gögn.

3. 1803120 - Flóahverfi

Farið yfir veitumál á svæðinu.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að tryggja þurfi betur byggingarhæfi svæðisins gagnvart athafnalóðum og óskar eftir tímasettum aðgerðum frá Veitum ohf. er varðar tengingu svæðisins við fráveitukerfi bæjarins. Varðandi fráveitutengingar verði einnig horft til svæða er byggst hafa upp NA megin við Flóahverfi s.s. Höfðasel og Æðarodda.

Skipulags- og umhverfisráð óskar einnig eftir tímasetningum frá Landsneti um hvenær háspennulínur sem ná að hluta til yfir lóðir í Flóahverfi verða færðar.

4. 1803121 - Skipulagsmál

Farið almennt yfir skipulagsmál sem eru í vinnslu.

Sviðsstjóri fór almennt yfir stöðu á skipulagsmálum s.s. endurskoðun aðalskipulags, skipulagbreytingar á Akraneshöfn, skipulagsbreytingar við Grenjar og breytingar við seinni hluta deiliskipulags við Skógarhverfi 2. áfanga.

5. 1509106 - Deilisk. - Tjaldsvæði, Kalmansvík

Farið yfir hugmyndir að deiliskipulagi.

Umhverfisstjóri fór yfir fyrirhugaðar hugmyndir að deiliskipulagi við tjaldsvæðið.

6. 1803123 - Breiðarsvæði - Húsnaði fyrir listamenn

Hugmyndir kynntar um nýtingu á tanki og Hafbjargarhúsi.

Byggingarfulltrúi kynnti málið. Skipulags- og umhverfisráð felur skipulags- og umhverfissviði að vinna málið áfram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:20.

Einar Bráðason
Rauðulf Óskarsson
Valgarður Þórhallsson
Þórhildur Sigurðardóttir
Kári Þorláksson
Sigríður Þórhallsson
Stefán P. Steinðórsson
Þóra Þórhallsson
Síðni Birgisson
Sævar Freyr Þórmann